

## **1. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Lagt fyrir Alþingi 1918).

### **1. gr.**

Aftan við 3. gr. nefndra laga, 1. febrúar 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi eða sölu úr landi á skepnufóðri, aðfluttu eða innlendu, ef ástæða er til að óttast fódurskort í landinu. Landsstjórnin ákveður sjálf hvað telst til skepnufóðurs.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lög 1. febrúar 1917 vantar ákvæði um heimild til að leggja bann við útflutningi úr landi á skepnufóðri. En slíka heimild taldi landsstjórnin nauðsynlegt að fá snemma á yfirstandandi vetri, sökum alliskyggilegs útlits víða í sveitum vegna harðinda, sem þá voru byrjuð, og voru því gerðar ráðstafanir til bráðabirgðalaga þeirra, sem hjer eru prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

## **Bráðabirgðalög**

um

viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda

og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg, ;

*Gjörum kunnugt:* Þar eð borið hefir verið upp fyrir Oss, að í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, vanti heimild til að leggja bann við útflutningi úr landi á skepnufóðri, en að óhjákvæmilegt teljist, að landsstjórnin fái nú heimild til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum :

1. gr.

Aftan við 3. gr. nefndra laga, 1. febrúar 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi eða sölu úr landi á skepnufóðri, aðfluttu eða innlendu, ef ástæða er til að óttast fódurskort í landinu. Landsstjórnin ákveður sjálf hvað telst til skepnufóðurs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. desember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Sigurður Jónsson.*